

Sjóvá – Árshlutauppgjör

Hagnaður 2.601 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2019

Annar ársfjórðungur 2019

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 578 m.kr. (2F 2018: 47 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 1.184 m.kr. (2F 2018: -680 m.kr.)
- Heildarhagnaður tímabilsins 1.548 m.kr (2F 2018: -630 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingarsafns félagsins 4,2% (2F 2018: -1,3%)
- Samsett hlutfall 94,5% (2F 2018: 105,2%)

6M 2019 og uppfærðar horfur

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 989 m.kr. (6M 2018: 443 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 1.953 m.kr. (6M 2018: -259 m.kr.)
- Heildarhagnaður tímabilsins 2.601 m.kr (6M 2018: 119 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingarsafns félagsins 7,9% (6M 2018: 0,7%)
- Samsett hlutfall 96,2% (6M 2018: 101,3%)
- Uppfærðar horfur fyrir árið 2019 gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 95% og að hagnaður fyrir skatta verði um 4.300 m.kr. Uppfærðar horfur til næstu 12 mánaða (3F 2019 – 2F 2020) gera ráð fyrir að hagnaður fyrir skatta nemi um 3.000 m.kr. og að samsett hlutfall verði um 95%.
 - Uppfærðar horfur taka tillit til afkomu félagsins það sem af er þriðja ársfjórðungi.

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Afkoma á fyrstu 6 mánuðum ársins nam 2.601 m.kr. og eru fjárfestingarstarfsemi og váttryggingarekstur að skila góðri afkomu og mikilli bætingu á milli ára. Á sama tíma fyrir ári var afkoman neikvæð af fjárfestingarstarfsemi auk þess sem nokkur stór tjón höfðu haft neikvæð áhrif á váttryggingarekstur og ýkir því sveiflur á milli ára. Yfir skemmri tímabil eru sveiflur sem þessar algengar í váttryggingarekstri.

Áframhald er á góðum váttryggingarekstri með 15,5% vexti eigin iðgjalda frá sama tíma og í fyrra. Vöxturinn er bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Þessi kröftugi vöxtur undanfarin ár hefur átt sér stað án þess að hann kalli á sérstakan útgjaldaauka og hefur þar með haft jákvæð áhrif á kostnaðarhlutfall sem lækkar umtalsvert og er nú 20% fyrir fyrstu 6 mánuði ársins.

Við leggjum áherslu á að vera þjónustufyrirtæki í fremstu röð og að veita þjónustu sem bæði viðheldur góðum viðskiptum og stuðlar að nýjum. Sem dæmi hafa starfsmenn lagt á sig mikla vinnu við að heimsækja þá staði og viðskiptavinum sem talist geta í áhættuhópi í þeim tilgangi að fara yfir brunavarnir og aðra áhættuþætti í ljósi tíðra stórbruna undanfarin ár. Þessum heimsóknnum hefur verið tekið afar vel enda allra hagar að komið verði í veg fyrir alvarleg slys og tjón. Til að halda sterkri stöðu okkar á váttryggingamarkaði er mikilvægt að stafræn sem og önnur þjónusta verði veitt á forsendum viðskiptavina og að þeirra þörfum verði mætt hverju sinni.

Ávöxtun eignasafns félagsins var umfram væntingar á fyrstu 6 mánuðum ársins en góð afkoma er bæði af skráðum hlutabréfum og skuldabréfum.

Horfur félagsins hafa verið uppfærðar úr 4.200 m.kr. hagnaði fyrir skatta í 4.300 m.kr. hagnaði fyrir skatta á árinu 2019. Áfram er gert ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 95% á árinu 2019.

Horfur um afkoma fyrir skatta til næstu 12 mánaða (3F 2019 – 2F 2020) hafa verið uppfærðar í 3.000 m.kr. úr 3.800 m.kr (2F19-1F20). Skýring þessarar lækkunar er að nýliðinn annar ársfjórðungur byrjaði sérlega vel og tóku spár mið af því auk þess sem vextir hafa nú lækkað. Horfur um samsett hlutfall til næstu 12 mánaða er óbreytt í 95%.

Horfur taka tillit til afkomu félagsins það sem af er þriðja ársfjórðungi.“

Kynningarfundur 22. ágúst kl. 16:15

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi 2019, fimmtudaginn 22. ágúst kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjórið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni

www.sjova.is/afkomukynningar

Fjárhagsdagatal

3F 2019 – 31. október 2019

Ársuppgjör 2019 – 13. febrúar 2020

Aðalfundur 12. mars 2020

The News Announcement and Investors' Presentation in English will be available on the website www.sjova.is

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	2F 2019	2F 2018	%	6M 2019	6M 2018	%
Vátryggingastarfsemi						
Iðgjöld tímabilsins	5.220	4.462	17,0%	10.017	8.714	15,0%
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	-250	-249	0,2%	-485	-462	4,9%
Eigin iðgjöld	4.970	4.213	18,0%	9.532	8.252	15,5%
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri	270	278	-2,9%	561	556	0,9%
Aðrar tekjur	82	8	946%	119	16	642%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	5.322	4.499	18,3%	10.213	8.824	15,7%
Tjón tímabilsins	-3.830	-3.879	-1,3%	-7.385	-6.923	6,7%
Hluti endurtryggjenda af tjónum tímabilsins	79	395	-79,9%	160	441	-63,7%
Eigin tjón	-3.751	-3.484	7,7%	-7.224	-6.482	11,5%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-993	-968	2,6%	-2.000	-1.899	5,3%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-4.744	-4.452	6,6%	-9.224	-8.381	10,1%
Hagnaður af vátryggingarekstri	578	47	1131%	989	443	123%
Fjárfestingarstarfsemi						
Fjárfestingartekjur af fjárfestingarstarfsemi	1.270	-583	-	2.137	-68	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	-86	-97	-11,3%	-184	-190	-3,3%
Hagnaður/tap af fjárfestingarstarfsemi	1.184	-680	-	1.953	-259	-
Hagnaður/tap fyrir tekjuskatt	1.762	-633	-	2.942	185	1493%
Tekjuskattur	-214	3	-	-341	-66	420%
Heildarhagnaður/tap tímabilsins	1.548	-630	-	2.601	119	2086%
Samsetning						
	2F 2019	2F 2018		6M 2019	6M 2018	
Tjónahlutfall	73,4%	86,9%		73,7%	79,5%	
Endurtryggingahlutfall	2,1%	-3,4%		2,5%	0,1%	
Tjóna- og endurtryggingahlutfall	75,5%	83,5%		76,3%	79,5%	
Kostnaðarhlutfall	19,0%	21,7%		20,0%	21,9%	
Samsett hlutfall	94,5%	105,2%		96,2%	101,3%	
Ávöxtun eigin fjár	42,0%	-17,4%		35,3%	1,6%	
Hagnaður á hlut	1,12	-0,44		1,88	0,08	
Eigið fé	15.666	13.695		15.666	13.695	
Gjaldþolshlutfall	1,54	1,45		1,54	1,45	

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir annan ársfjórðung 2019 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 22. ágúst 2019. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.